

Gátlisti fyrir stýrihóp í raunfærnimati

Í reglugerð no. 1163 kemur fram að fræðsluaðilar sem annast raunfærnimat skuli koma á laggirnar sérstökum stýrihóp fyrir hverja námsgrein, námsleið, starfsgrein eða starfsgreinaflokk. Hópurinn beri sameiginlega ábyrgð á að niðurstöður raunfærnimats séu réttmætar og gildi á vinnumarkaði og í skólakerfi óháð staðsetningu. Sjá nánari leiðbeiningar í [Leiðarvísi fyrir fagaðila í raunfærnimati](#).

Samanstendur stýrihópurinn af öllum viðeigandi hagsmunaaðilum sem tengjast faginu?	
Er meginmarkmið verkefnisins ljóst?	
Hefur settur verkefnisstjóri fengið þjálfun í raunfærnimati og/eða reynslu af því að vinna sem fagaðili eða ráðgjafi í raunfærnimatsverkefnum?	
Hefur aðferðafræði raunfærnimats verið kynnt í stýrihópi?	
Hefur stýrihópur kynnt sér Evrópskar leiðbeiningar um mat á raunfærni?	
Hefur markhópur verkefnisins verið skilgreindur?	
Hafa verið skilgreind inntökuskilyrði í verkefnið?	
Hefur verkefnið verið fjármagnað að fullu?	
Er ákveðið á móti hvaða hæfniviðmiðum skuli metið?	
Eru hæfniviðmiðin tilbúin eða þarf að útbúa þau?	
Er stýrihópur sáttur við hæfniviðmiðin sem liggja fyrir?	
Er ákveðið hverjir eigi að sinna ráðgjöf við færnisráningu sem og almennri náms- og starfsráðgjöf fyrir þátttakendur eftir þörfum?	
Er ákveðið hvaða matsaðilar eigi að meta þátttakendur?	
Hafa matsaðilar í verkefninu fengið þjálfun í raunfærnimati?	
Er búið að skilgreina leiðir til að ná saman þátttakendahópi?	
Liggur tímarammi verkefnis fyrir?	
Er ákveðið hvernig skrá eigi niðurstöður raunfærnimats fyrir hvern þátttakanda?	
Hafa viðeigandi námsleiðir verið skilgreindar fyrir þátttakendur að loknu raunfærnimati?	